

SKÖPUN AKADEMÓNA
VERKEFNI OG VIÐBURÐIR 2006–2021

Margrét Guðmundsdóttir

Sköpun akademóna. Verkefni og viðburðir 2006–2021.
© AkureyrarAkademían
Útgefandi: AkureyrarAkademían
Akureyri 2021
Lestur handrits: Finnur Friðriksson.
Prentun, umbrot og band: Prentmet Oddi.
Ljósmynd forsíðu: Akureyrarstilla, við Strandgötu á Akureyri.
Ljósmyndari: Inga Dagný Eydal.
ISBN 978-9935-9637-0-3

Sköpun akademóna

Verkefni og viðburðir 2006–2021

Margrét Guðmundsdóttir

Efnisyfirlit

Formáli 7

Inngangur.....9

Skrá yfir verkefni húsfólks hjá Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á NorðurlandiogAkureyrarAkademíunni á árunum 2006–2021.....15

Viðburðir á vegum Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna og AkureyrarAkademíunnar 2006 til 2021 43

Formáli

Í ár eru 15 ár frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi og AkureyrarAkademíunnar (AkAk). Það er því vel við hæfi að gefa út heildstætt yfirlit á þeim verkum sem unnin hafa verið á þessu tímabili innan AkAk. Um er að ræða fjölbreytt safn verka; meistara- og doktorsverkefni, rannsóknarskýrslur, tímaritsgreinar, kennsluefni og ýmis konar önnur ritverk. Einnig hefur AkAk staðið fyrir fjölmörgum málþingum, fyrirlestrum, námskeiðum og sýningum. Yfirlitið varpar ljósi á það fjölbreytta vísinda- og fræðastarf sem fram hefur farið á vettvangi AkAk í gegnum árin. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur tók yfirlitið saman og þakkar AkAk henni vel unnin störf. Í framhaldinu er ætlunin að koma yfirlitinu fyrir á heimasíðu AkAk og uppfæra það með þeim verkum sem unnin verða á komandi misserum.

Nútímasamfélag byggir á þekkingu sem vísindi, rannsóknir og fræði skapa. AkAk hefur ýtt undir slíka starfsemi með því að bjóða háskólanemum og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum upp á vettvang til að sinna hugðarefnum sínum í þverfaglegu og frjóu umhverfi og styrkir þannig Eyjafjarðarsvæðið sem og landið allt. Það er von okkar að yfirlitið verði til þess að upplýsa samfélagið og stjórnvöld um það mikilvæga starf sem AkAk stendur fyrir með því að skapa aðstæður og umhverfi fyrir rannsóknir og önnur fræðastörf á Norðurlandi.

Steinunn A. Ólafsdóttir
Formaður stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Inngangur

Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi – félagið með langa nafnið – var stofnað á sumardaginn fyrsta 20. apríl 2006 í Listagilinu á Akureyri nánar til tekið í Deiglunni. Óþjált og langt heiti leiddi til þess að farið var að kalla félagið AkureyrarAkademían í daglegu tali. Eftir níu ára blómlegt starf var ákveðið að leggja félagið niður og setja á fót sjálfseignarstofnun þann 29. desember 2014 sem fékk nafnið AkureyrarAkademían (AkAk). Það heiti verður notið hér nema annað sé tekið fram.

Síðustu misseri hefur verið unnið að því að skrá þau verk sem orðið hafa til undir merkjum og í skjóli AkAk á árunum 2006 til 2021. Í upphafi var reynt að hafa upp á öllum leigjendum. Frumheimildir, eins og samningar og bókhaldsgögn komu að góðum notum við þá vinnu. Með hjálp þeirra var hægt að skrá þá sem fengu vinnuaðstöðu og skjalfesta eins nákvæmlega og unnt var á hvaða tíma. Aðalheiður Steingrímsdóttir framkvæmdastjóri hafði samband við þá og kynnti verkefnið. Verk akademóna – eins og húsfólk eða leigjendur voru gjarnan nefndir – frá þeim tíma sem þeir höfðu vinnuaðstöðu hjá AkAk voru síðan skráð. Helstu gagnagrunnar voru notaðir við það verk, eins og *Gegnir*, sameiginleg verkaskrá flestra bókasafna á Íslandi og *Skemman*, rafrænt varðveislusafn háskóla hér á landi. Ýmsar aðrar rafrænar upplýsingar frá einstaklingum og stofnunum komu einnig að góðum notum. Skráning háskólaritgerða er mismunandi frá einum háskóla til annars og jafnvel milli deilda í sama skóla. Hér fær sérviska þeirra að njóta sín. Verkefnin voru fjölbreytt og náðu til ólíkra sviða. Leitast var við að ná ekki aðeins til prentaðra verka heldur einnig myndlistarsýninga, sögusýninga og nýsköpunarverkefna. Eftir frumskráningu var akademónum síðan gefinn kostur á að leiðrétta og bæta við efni. Flestir brugðust af áhuga og vinsemd við fyrirspurnum, margir komu með gagnlegar athugasemdir og viðbætur en fáeinir svöruðu ekki eftirgrennslunum.

Eitt helsta markmið Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi var að bjóða skapandi einstaklingum öruggan samastað til að sinna rannsóknum eða öðrum hugðarefnum. Í júlíbyrjun árið 2006 var tæpur þriðjungur gamla Húsmæðraskólans að Þórunnarstræti 99 tekinn á leigu hjá Háskólanum á Akureyri. Fyrstu leigjendurnir komu sér þegar fyrir í þessu glæsilega húsi. Fljótt og vel tókst að ná þeim mikilvæga áfanga að tryggja húsaskjól. Síðar lenti félagið á hrakhólum og verulegur tími og kraftar fóru endurtekið í húsnæðisleit og flutninga. Í ársbyrjun 2020 lauk þeim slítandi þætti þegar AkureyrarAkademían flutti í eigið húsnæði að Sunnuhlíð 12.

Á síðastliðnum 15 árum hafa 97 einstaklingar leigt sér vinnuaðstöðu hjá AkAk, 59 konur og 38 karlar. Langflestir hafa unnið á eigin vegum en fáeinir hafa starfað á vegum stofnana eða fyrirtækja. Einyrkjar eru fjölmennastir í hópi þeirra síðarnefndu. Þess eru þó dæmi að fleiri en einn starfsmaður frá fyrirtækjum eða stofnunum hafi fengið inni hjá AkAk.

Flestir þeirra sem fengið hafa skjól til sköpunar innan veggja AkAk eru námsmenn – allir við háskólanám. Þeir hafa stundað nám – sumir einnig starfað – við 16 háskóla, fimm innlenda og 11 erlenda. Öll Norðurlöndin eiga fulltrúa í hópi þeirra síðarnefndu en einnig Bandaríkin, England og Þýskaland. Háskólanemar hafa aðallega unnið að meistararitgerðum eða 34. Doktorsnám hefur 21 lagt stund á en aðeins fjórir verið við grunnnám. Doktorsnemar eru eins og að líkum lætur flestir frá Háskóla Íslands eða 12. Árið 2017 var doktorsnám tekið upp við Háskólann á Akureyri og fjórum árum seinna kom fyrsti doktorsneminn þaðan sér fyrir hjá AkAk. Flestir þeirra stúdenta sem stundað hafa nám við innlenda háskóla og notið hafa vinnuaðstöðu hjá AkAk koma frá Háskóla Íslands eða 26. Frá Háskólanum á Akureyri hafa 16 nemendur unnið að verkefnum sínum og fimm meistaranemar frá Háskólanum á Bifröst. Aðrir innlendir háskólar eiga að jafnaði aðeins einn eða tvo fulltrúa hver meðal húsfólks AkAk. Enn sem komið er hefur þó enginn nemandi frá Listaháskóla Íslands leigt sér aðstöðu.

Fyrir utan námsmenn hefur fjölbreyttur hópur vísinda-, fræði- og listamanna sem og frumkvöðla fundið sér vinnuaðstöðu um lengri eða skemmri tíma hjá AkAk. Það eru tæplega 50 greinar eða svið sem akademónar hafa lagt stund á. Þar má meðal annars nefna evrópufræði, fjölmiðlafræði, félagsráðgjöf, forritun, guðfræði, heimspeki, hjúkrunarfræði, kynjafræði, ljósmóðurfræði, ljósmyndun, lögfræði, menningarmiðlun, myndlist, opinbera stjórnsýslu, safnafræði, sjúkraþjálfun, stjórnmálafræði, véla- og orkutæknifræði, þjóðfræði og þýðingar.

Þeir sem lagt hafa stund á félagsvísindi eru sennilega fjölmennasti hópurinn sem starfað hefur innan stofnunarinnar. Fjölmargar undirgreinar tilheyra þeim en félagsfræði og alþjóðastjórnmál hafa átt hug flestra þeirra sem starfað hafa í AkAk.

Ein er sú fagsstétt sem aldrei hefur látið sig vanta. Sagnfræðingar hafa alltaf átt fulltrúa í hópi akademóna – þeir einu sem geta státað að því. Flestir hafa þeir orðið fjórir í einu en aldrei færri en tveir. Sagnfræðingar eru óneitanlega mikilvæg uppistaða í hópnum. Menntunarfræðingar hafa sótt í sig veðrið, á seinni árum. Flestir hafa þeir orðið fjórir í einu og það sem meira er, doktorsnemar eru fjölmennastir í fræðum þeim sem kennd eru við menntun.

Starfsemi AkureyarAkademíunnar hefur gefið fræðimönnum, frumkvöðlum, háskólanemum, listamönnum, vísindamönnum og fleirum, á Akureyri og nágrenni, svigrúm til menntunar, sköpunar og rannsókna á heimaslóðum.

Samfélag ólíkra einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn skapar möguleika á frjóu samtali og andrúmslofti. Slíkt umhverfi er ómetanlegt fyrir einyrkja svo ekki sé talað um háskólanema. Sú deigla þekkingar og reynslu sem varð til innan AkAk hefur kveikt fjölmargar hugmyndir sem hafa auðgað mannlíf og menningarstarf í nærsamfélaginu hér fyrir norðan.

Allt frá stofnun hugðist Félag sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi vera aflvaki rannsókna, miðla vísindum og fræðum og stuðla að umræðum. Stefnt var að því að skapa þverfaglegt tengslanet og tengja saman ólíka hópa. Á fjölmörgum viðburðum var teflt saman fólki úr ýmsum atvinnugreinum, fræðum, vísindum og listum. Alþýðufræðimenn, gráðum prýddir háskólamenn, listamenn, bændur, matreiðslumenn og fleiri hafa þannig fengið tækifæri til að rækta fræði sín. Í seinni skránni sem kemur hér fyrir almennings sjónir eru birt nöfn þeirra sem komið hafa fram á atburðum sem AkAk hefur staðið fyrir. Þar sem við á er heiti á verkefni einnig skrásett, samstarfsaðila er getið og loks hvar og hvenær viðburðurinn átti sér stað. Skjalasafn AkAk var mikilvæg uppspretta upplýsinga en auglýsingar í prentmiðlum og fréttatilkynningar komu einnig að góðum notum.

Ríflega 250 einstaklingar hafa komið fram á viðburðum AkAk, sumir margoft. Lögð var áhersla á að virkja sem flesta heimamenn til þátttöku, bæði bæjarbúa og nærsveitarmenn. Fjölmargir gestir hafa þó einnig lagt leið sína norður á vegum AkAk, bæði innlendir og erlendir. Þessi hluti starfseminnar hvíldi einnig á áhuga almennings. Ýmsar leiðir, bæði hefðbundar og frumlegar, voru farnar til að ná athygli fjöldans. Öflugt kynningarstarf skilaði ágætum árangri í upphafi. Fjölmiðlar sýndu áhuga og þeir áttu þátt í að vekja forvitni almennings. Annað sem vakti gott umtal og jákvæða sérstöðu voru veitingar sem gjarnan voru á borðum í gamla Húsmæðraskólanum. Í ársbyrjun 2007 hélt Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur, svo dæmi sé tekið, erindi. Þar fjallaði hann um Íslenska matarmenningu í erlendum ritum um Ísland. Þegar áhugaverðri frásögn Sumarliða lauk tók Friðrik Valur Karlsson matreiðslumeistari við keflinu. Sá síðarnefndi bauð upp á lostæti úr eigin smiðju sem byggði – að hluta – á áhrifum af erindi þess fyrrnefnda. Níu mánuðum síðar hélt Ingibjörg Sigurðardóttir bókmenntafræðingur fyrirlestur um nöfnu sína og ömmu Ingibjörgu Steinsdóttur. Í erindinu var meðal annars sagt frá því þegar þessi róttæka og frumlega leikkona safnaði fyrir traktor handa rússnesku þjóðinni. Hlátur ómaði um ganga hússins, en þar voru erindi flutt í upphafi, ekki síst þegar giftingarhringur Ingibjargar hafnaði í söfnunarbauknum. Ánægjuhljóð hljómuðu síðan um allt þegar áheyrendum var boðið upp á freyðivín og kavíar. Viðlíka kræsingar voru þó einsdæmi. Sultarólarnar voru hertar í kjölfar efnahagshrunsins. Akademónar komu hins vegar oft með heimagert góðgæti á næstu árum. Menn gátu alltaf átt von á

einhverju óvæntu í gamla Húsmæðraskólanum. Viðburðir voru því býsna vel sóttir og margir urðu fljótlega fastagestir.

AkureyrarAkademían hefur þjónað öllum aldurshópum í ytra starfi sínu. Sérsniðnir atburðir fyrir börn og ungmenni eru að vísu ekki margir en hafa stöku sinnum verið í boði. Elstu bæjarbúunum hefur verið mun betur sinnt. Íbúum á öldrunarheimilum á Akureyri hefur árlega verið boðið upp á fyrirlestra frá 2016. Þeir eru að jafnaði opnir almenningi og hafa notið mikilla vinsælda, jafnt meðal þakklátra íbúa sem gesta.

Langflestir þeirra ríflegu 150 viðburða sem AkAk hefur staðið fyrir á árunum 2006 til 2021 voru á Akureyri. Árið 2019 var þó lagst í víking, í fyrsta og eina sinn, þegar boðið var upp á námskeið á Ísafirði, Reykjavík, Selfossi og Borgarnesi. Þegar augum er rennt yfir alla þessa atburði er fjölbreytnin undraverð. Þar má nefna bókakynningar, fyrirlestra, gjörninga, gönguferðir, leiklestra, námskeið, sýningar, tónlistarflutning, upplestra og fleira. Rannsóknum var oftast miðlað með erindum á málþingum eða í fyrirlestraröðum. Nýstárlegri aðferðir voru þó einnig nýttar til að koma efni á framfæri. Á aðventunni 2012 var til dæmis boðið upp á leiklesinn alþýðufyrirlestur í Samkomuhúsinu til styrktar Mæðrastyrksnefnd Akureyrar. Glæsilegustu atburðir AkAk voru málþing en þau voru í upphafi tvö til fjögur á ári. Þau viðamestu voru gjarnan samvinnuverkefni fjölmargra aðila. Listamenn og handverksfólk, bæði leikir og lærðir, sem og alþýðufræðimenn og háskólagengnir vísinda- og fræðimenn tóku höndum saman. Samstarf ólíkra aðila kveikti umræður og hugmyndir sem ólu af sér ýmis verkefni. Frumkvæði AkAk að mánaðarlegri menningarsúpu í ársbyrjun 2010 stuðlaði einnig að auknu samtali milli einstaklinga, félaga og stofnana sem störfuðu að menningarmálum. Fjölmargar opinberar stofnanir, félög og fyrirtæki hafa einnig unnið með AkAk að fræðslu- og menningarmálum eða lagt þeim lið.

Blómlegasta tímabil starfsins, ef litið er til fjölda viðburða, eru árin í gamla Húsmæðraskólanum. Ríflega 100 atburðir voru þar á vegum AkAk á árunum 2006 til 2012. Akademónar lögðu fram mikla sjálfboðna vinnu þegar vefstofu Húsmæðraskólans var breytt í samkomusal. Fegurð hússins og saga hafði aðdráttarafl fyrir heimamenn og aðra sem áttu þaðan minningar. Samkomur voru iðulega fjölsóttar eins og gestabók frá fyrstu árunum ber vitni um. Vorið 2011 höfðu tæplega 2200 skráð nöfn sín í þá bók. Það kreppti verulega að ytra starfinu þegar AkAk var gert að flytja úr Þórunnarstræti. Mun dýrara varð að leigja húsnæði einkum fyrir fjölmennar samkomur. Óvissa um vinnuaðstöðu og ítrekaðir flutningar voru auk þess tímafrekir og krefjandi.

Það hefur verið ánægjulegt og lærdómsríkt að fá tækifæri til að rifja upp starfsemi AkureyrarAkademíunnar fyrstu 15 árin. Bestu þakkir til þeirra sem komu að þessu verki; stjórn og framkvæmdastjóra, prófarkalesara og

prentsmiðju en síðast en ekki síst til allra félaga og samstarfsaðila sem eiga þátt í sögunni sem lesa má í verkaskránni sem birtist hér á prenti.

Margrét Guðmundsdóttir

Skrá yfir verkefni húsfólks hjá Félagi sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi og AkureyrarAkademíunni á árunum 2006–2021

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir (1970). *Eru þau með jafnréttið í farteskinu?* BA-ritgerð nútímafræði. Háskólanum á Akureyri 2007.

Grunnsýning Óbyggðasetri Íslands. Opnuð 6. júlí 2016 á Egilsstöðum, Norðurdal í Fljótsdal. Sýningarstjóri/höfundur: **Arna Björg Bjarnadóttir** (1976) og Steingrímur Karlsson.

Arna G. Valsdóttir (1963). *Staðreynd 1 – Syngjandi sæl og glöð*. START – Verksmiðjan á Hjalteyri 2008. Video-/song- innsetning.

Arna G. Valsdóttir (1963). *Heimilisverk*. Kunstraum Wohnraum Akureyri. Lífræn kviksjá í heimahúsi 2008.

Arna G. Valsdóttir (1963). *Í Hljóði – A Portrait of a Building*. Ketilhúsinu, Listagilinu Akureyri 2007.

Arnar Már Arngrímsson (1972). *Sölvasaga Daníelssonar.* Sögur útgáfa Reykjavík 2018.

Arnar Már Arngrímsson (1972) og Jónas Þorbjarnarson. Berskjalda. *Tímarit máls og menningar* 78:2 (2017), bls. 74–77.

Arndís Bergsdóttir (1968), Ólafur Rastrick og Thamar Melanie Heijstra ritstjórar. Suðupotturinn. Menning og hreyfanleiki [sérhefti]. *Íslenska þjóðfélagið* 11:1 (2020). (Birt 7.3.2020).

Arndís Bergsdóttir (1968). Museums and feminist matters: Considerations of a feminist museology. *Sociocultural Anthropology Critical and Primary Sources.* Ed. Barbara Miller. Vol. 1. Routledge 2020. (Original work published 2016).

Arndís Bergsdóttir (1968). Listasafnið á Akureyri. *Listasöfn á Íslandi.* Ritstjóri Sigurjón B. Hafsteinsson. Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands Reykjavík 2019, bls. 356–389.

Arndís Bergsdóttir (1968) and Sigurjón Baldur Hafsteinsson. The fleshyness of absence: The matter of absence in a feminist museology. *Gender and Heritage: Performance, Place and Politics.* Ed. Ross Wilson and Wera Grahn. London and New York 2018, bls. 99–112.

Arndís Bergsdóttir (1968). *Absence Comes to Matter: Entangled Becomings of a Feminist Museology.* Doktorsritgerð. Háskóla Íslands 2017.

Arndís Bergsdóttir (1968). Cyborgian entanglements: post-human feminism, diffraction and the science exhibition Bundled-up in Blue. *Museum Management and Curatorship* 32:2 (2017), p. 108–122.

Arndís Bergsdóttir (1968). Museums and feminist matters: Considerations of a feminist museology. *NORA Nordic Journal of Women´s Studies* 24:2 (2016), p. 126–139.

Arndís Bergsdóttir (1968). Byggðasafn Norður-Þingeyinga. *Byggðasöfn á Íslandi.* Ritstjóri Sigurjón B. Hafsteinsson. Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands, Reykjavík 2015, bls. 197–205.

Arndís Bergsdóttir (1968). Í soðholum var soðinn matur. Kynjafræðileg greining á sýningunni í minjagarðinum að Hofsstöðum. *Ólafía* 5 (2015), bls. 53–64.

Anna Guðrún Ragnarsdóttir, **Arndís Bergsdóttir** (1968), Elísabet Pétursdóttir, Gunnar Haraldsson, Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Sigurjón Baldur Hafsteinsson. *Söfn og ferðaþjónusta.* Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík 2015. Skýrsla.

Arndís Bergsdóttir (1968). *Þjóð verður til frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Úttekt á grunnsýningu Þjóðminjasafns Íslands.* Rannsóknarsetur í safnafræðum við Háskóla Íslands, Reykjavík 2014. Skýrsla.

Arndís Bergsdóttir (1968). *Söfn í kynjuðu ljósi. Framsetning kvenna í rými safns.* Meistararitgerð safnafræði. Háskóla Íslands, Reykjavík 2012.

Atamán Vega (1978). Frumherjaverkefnið Snarpur. Þróun hugbúnaðar til að auðvelda klíníska upplýsingasöfnun í heilbrigðisþjónustu. Verkefnastjóri Orri Gautur Pálsson, Qodiag ehf.

Ástríður Sigurðardóttir (1962). *Mikilvægi félagsauðs og samstarfs hestamanna í Skagafirði*. Meistararitgerð menningarstjórnun. Háskólanum á Bifröst 2013.

Bára Sif Sigurjónsdóttir (1982). *Eru forstöðumenn opinberra stofnana fagstjórnendur?* MPA-ritgerð opinberri stjórnsýslu. Háskóla Íslands, Reykjavík 2020.

Berglind Bergvinsdóttir (1977). *„Maður er alltaf svo upptekinn af sínu barni og það er það sem brennur á manni alla daga.“ Upplýsingaflæði milli leikskóla og foreldra – áherslur foreldra.* Meistararitgerð menntunarfræði. Háskólanum á Akureyri 2012.

Bergljót Þrastardóttir (1969), Ingólfur Ásgeir Jóhannesson and Sirpa Lappalainen. Walls, seats and the gymnasium: a socialmaterial ethnography on gendered School space in an Icelandic compulsory school. *Ethnography and Education* 16:1 (2021), p. 1–17. (Published online 1.12.2019).

Heikkinen, Mervi, Heikkilä, Mia, Nørgaard, Cecilie, Nordfjell, Ole Bredesen, Auður Magndís Auðardóttir and **Bergljót Þrastardóttir** (1969). *Promising Nordic Practices in Gender Equality Promotion in Basic Education and Kindergartens*. Ed. Heiikkinen, Marvi. University of Oulu 2016.

Arnfríður Aðalsteinsdóttir, **Bergljót Þrastardóttir** (1969)**,** Inga Björg Hjaltadóttir, Ingrid Kuhlman, Margrét S. Björnsdóttir og Rósa Erlingsdóttir. *Lykillinn að velgengni á vinnumarkaði.* Jafnréttisstofa 2017.

Bergljót Þrastardóttir (1969), Hugrún R. Hjaltadóttir og Kristín Ástgeirsdóttir. *Jafnréttismat: mat á jafnréttisáhrifum stefnumótunar, áætlanagerðar og lagasetningar.* Jafnréttisstofa 2014.

Birna Svanbjörnsdóttir (1964), Macdonald, A. and Guðmundur Heiðar Frímannsson. Teamwork in establishing a professional learning community in a new Icelandic school. *Scandinavian Journal of Educational Research* 60:1 (2016), p. 90–109.

Birna Svanbjörnsdóttir (1964), Macdonald, A. and Guðmundur Heiðar Frímannsson. Views of learning and a sense of community among students, paraprofessionals and parents in developing a school culture towards a professional learning community. *Professional Development in Education* 42: 4 (2016), p. 589–609.

Birna María Svanbjörnsdóttir (1964). *Leadership and teamwork in a new school: Developing a professional learning community.* A thesis for a Ph.D. degree. University of Iceland 2015.

Birna María Svanbjörnsdóttir (1964), Allyson Macdonald og Guðmundur Heiðar Frímannsson. Einstaklingsmiðun sem markmið lærdómssamfélags: reynsla af starfendarannsókn í einum grunnskóla. *Fagmennska í skólastarfi: skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni.* Ritstjórar Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson. Háskólinn á Akureyri, Háskólaútgáfan Reykjavík 2013, bls. 55–76.

Björn Teitsson (1941). H.V. Lever, jarðeplin og Búðargil. *Súlur* 39 (2013), bls. 20–41.

Björn Teitsson (1941). *Saga Menntaskólans á Ísafirði til 2008.* Menntaskólinn á Ísafirði, Akureyri 2010.

Björn Teitsson (1941). Lögmennirnir hétu Magnús. *Heimtur: ritgerðir til heiðurs Gunnari Karlssyni sjötugum.* Ritstjórar Guðmundur Jónsson, Helgi Skúli Kjartansson og Vésteinn Ólason. Mál og menning Reykjavík 2009, bls. 64–76.

Björn Jónas Þorlákssson (1965). „Þarna hittust þeir og þarna börðust þeir“: hrepparígur á Tröllaskaga – til góðs eða ills. *Skírnir* 186:2 (2012), bls. 480–494.

Daníel Gunnarsson (1979). *Samskipti aðila á vinnumarkaði; Reynsla Samtaka atvinnulífsins af þjóðarsáttar- og lífskjarasamningum.* BA-ritgerð félagsvísindum Háskólanum á Akureyri 2021.

Eiríkur Stephensen (1962). *Tónlistarskólakennsla á 21. öld. Hvernig hafa kennarar breytt starfsháttum sínum á nýjum tímum?* Meistararitgerð félagsvísindum. Háskólanum á Bifröst 2017.

Elísa Dröfn V. Tryggvadóttir (1978). *„Það er svona rómantísk kyrrð yfir dauðanum“: Reynsla karlkyns þolenda af kynferðisofbeldi og sjálfsvígshugsunum.* Meistararitgerð heilbrigðisvísindum. Háskólanum á Akureyri 2018.

Eva Harðardóttir (1982), Berglind Rós Magnúsdóttir and Dillabough, Anne. Understanding the politics of inclusion, the „refugee“ and nation: analysis of public policies and teacher narratives in Iceland. *International Journal of Inclusive Education* 25 (2021), p. 239–258. (Published online 26.12.2019).

Eva Harðardóttir (1982) og Berglind Rós Magnúsdóttir. „Að þreifa sig áfram í myrkrinu“: ríkjandi stefnur og straumar um ungt flóttafólk í íslensku grunn- og framhaldsskólakerfi. *Stjórnmál og stjórnsýsla* 14:3 (2018), bls. 183–204. (Birt 13. desember 2018).

Guðmundur Árnason (1953). *Frá Bólívar til UNASUR: þróun samstarfs Suður-Ameríkuríkja: hvert stefnir?* Meistararitgerð alþjóðasamskiptum. Háskóla Íslands, Reykjavík 2014.

Guðmundur Ævar Oddsson (1978). *Classlessness and Doxa: Late Modernity and Changing Perceptions of Class Division in Iceland.* PhD Thesis. Northern Michigan University 2014.

Fisher, Andrew; **Guðmundur Ævar Oddsson** (1978) and Takeshi Wada. Policing Class and Race in Urban America. *International Journal of Sociology and Social Policy* 33:5/6 (2013), p. 309–327.

Guðmundur Ævar Oddsson (1978). Þekkingarsamfélög eða skyndimenntunarstaðir. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* (Birt 10.9. 2012).

Guðmundur Ævar Oddsson (1978). Representations of Classlessness in a Small, Homogeneous, and Egalitarian Society. *Berkeley Journal of Sociology* 56 (2012), p. 101–129.

Guðmundur Ævar Oddsson (1978). Hugmyndir um stéttleysi Íslendinga. *Íslenska þjóðfélagið* 2 (2011), bls. 27–46. (Birt 17.9.2011).

Gunnar Árnason (1968). *Reynsla og þekking stjórnenda framhaldsskóla á geðrækt í skólum.* Meistararitgerð heilbrigðisvísindum. Háskólanum á Akureyri 2018.

Þóra Björk Jónsdóttir og **Gunnar Gíslason** (1958). *Vopnafjarðarskóli: ytra mat.* Menntamálastofnun, Kópavogur 2016.

Gunnar Gíslason (1958). *Von er ekki aðferð. Rannsókn á starfsþróun kennara og stjórnenda í fjórum grunnskólum.* Meistararitgerð menntavísindum. Háskólanum á Akureyri 2015.

Þóra Björk Jónsdóttir og **Gunnar Gíslason** (1958). *Ytra mat grunnskóla: Grunnskóli Bolungarvíkur.* Námsmatsstofnun, Reykjavík 2015.

Þóra Björk Jónsdóttir og **Gunnar Gíslason** (1958). *Ytra mat grunnskóla: Grunnskólinn á Suðureyri.* Námsmatsstofnun, Reykjavík 2015.

Hafdís Hrönn Pétursdóttir (1971), Ragnheiður Harpa Arnardóttir og Guðrún Pálmadóttir. Íslensk þýðing WHODAS 2.0 og próffræðilegir eiginleikar hennar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 96:2 (2020), bls. 80–87.

Hafdís Hrönn Pétursdóttir (1971). *WHODAS 2.0: Íslensk þýðing og prófun á mælifræðilegum eiginleikum.* Meistararitgerð heilbrigðisvísindum. Háskólanum á Akureyri 2019.

Helgi Jónsson (1962). *Lilja litla lamb.* Tindur, Akureyri 2013.

Helgi Jónsson (1962). *Hefndin.* Tindur, Akureyri 2012.

Helgi Jónsson (1962). *Eva Engill.* Tindur, Akureyri 2012.

Helgi Jónsson (1962). *Týndi drengurinn.* Tindur, Akureyri 2012.

Kinney, Jeff. *Dagbók Kidda klaufa: svakalegur sumarhiti.* **Helgi Jónsson** (1962) þýddi. Tindur, Akureyri 2012.

Helgi Jónsson (1962). *Örninn.* Tindur, Akureyri 2012.

Kinney, Jeff. *Dagbók Kidda klaufa: ekki í herinn.* **Helgi Jónsson** (1962) þýddi. Tindur, Akureyri 2011.

Helgi Jónsson (1962). *Vísindamaðurinn.* Tindur, Akureyri 2011.

Helgi Jónsson (1962). *Tinna & draugarnir.* Tindur, Akureyri 2011.

Helgi Jónsson (1962). *Logandi víti.* Tindur, Akureyri 2010.

Kinney, Jeff. *Dagbók Kidda klaufa: Róbbi rokkar.* **Helgi Jónsson** (1962) þýddi. Tindur, Akureyri 2010.

Helgi Jónsson (1962). *Fangi nr. 5.* Tindur, Akureyri 2010.

Stein, Garth. *Enzo.* **Helgi Jónsson** (1962) þýddi. Tindur, Akureyri 2010.

Kinney, Jeff. *Dagbók Kidda klaufa.* **Helgi Jónsson** (1962) þýddi. Tindur, Akureyri 2009.

Helgi Jónsson (1962). *Dauðir ganga aftur.* Tindur, Akureyri 2009.

Helgi Jónsson (1962). *Nektarmyndin.* Tindur, Akureyri 2009.

Hermína Gunnþórsdóttir (1966). *The teacher in an inclusive school: exploring teachers´ construction of their meaning and knowledge relating to their concepts and understanding of inclusive education.* Thesis for PhD degree. Háskóla Íslands 2014.

Hermína Gunnþórsdóttir (1966) og Dóra S. Bjarnason. Conflicts in teachers´ professional practices and perspectives about inclusion in Icelandic compulsory schools. *European Journal of Special Needs Education* 29:4 (2014), p. 491–504. (Published online 7.7.2014).

Hermína Gunnþórsdóttir (1966) and Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Additional Workload or a part of the job? *International Journal of Inclusive Education* 18:6 (2014), p. 580–600.

Sigrún Arna Elvarsdóttir og **Hermína Gunnþórsdóttir** (1966). Sérkennsla í nýju ljósi: frá aðgreiningu til samvinnu. *Glæður* 24:1 (2014), bls. 51–61.

Anna Lilja Sævarsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og **Hermína Gunnþórsdóttir** (1966). Foreldrasamstarf og fjölmenning: samskipti deildarstjóra í leikskóla við erlenda foreldra sem ekki tala íslensku. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun.* (Birt 31.12.2013).

Hermína Gunnþórsdóttir (1966). De Leerkracht in een Inclusive School: Invloed op de indeeën en het inzicht va Ijslandse en Nederlandse basisschoolleerkrachten. *Marktplaats* 16 (2011), 16–18.

Hermína Gunnþórsdóttir (1966). Umsögn um bókina Fjölmenning og skólastarf í ritstjórn Hönnu Ragnarsdóttur og Elsu Sigríðar Jónsdóttur. *Tímarit um menntarannsóknir* 7:1 (2010), bls. 108–110.

Hermína Gunnþórsdóttir (1966). Kennarinn í skóla án aðgreiningar: áhrifavaldur á hugmyndir og skilning íslenskra og hollenskra grunnskólakennara. *Ráðstefnurit Netlu –Menntakvika 2010.* Menntavísindasvið Háskóla Íslands. (Birt 31. desember 2010).

Hjálmar Stefán Brynjólfsson (1981). *„Reglur eru til þess að brjóta þær, right?“: athugasemdir við Að hugsa á íslenzku eftir Þorstein Gylfason.* BA-ritgerð nútímafræði. Háskólanum á Akureyri 2010.

Hjálmar Stefán Brynjólfsson (1981) og Jóna Hlíf Halldórsdóttir. *Hér* (Bókverk). Akureyri 2009.

Hjálmar Stefán Brynjólfsson (1981) og Jóna Hlíf Halldórsdóttir. *Bráðum – áminning um möguleika gleymskunnar.* Sýning 12. apríl 2009, sal Myndlistafélagsins, Listagilinu Akureyri.

Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir (1981*). „Svo dettur maður bara inn í einhvern straum.“ Um áhrifavalda og stýrandi orðræðu í menningu raun- og tæknivísindagreina H.Í.* Meistararitgerð kynjafræði. Háskóla Íslands, Reykjavík 2011.

Hulda Sædís Bryngeirsdóttir (1971) og Sigríður Halldórsdóttir. „Eins og að fara niður svarta brekku og koma svo upp græna hlíðina.“ Reynsla fólks af auknum þroska í kjölfar sálrænna áfalla. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 94:1 (2018), bls. 86–94.

Hulda Sædís Bryngeirsdóttir (1971). *„Eins og að fara niður svarta brekku og koma svo upp græna hlíðina“: reynsla fólks af eflingu í kjölfar sálrænna áfalla.* Meistararitgerð heilbrigðisvísindum. Háskólanum á Akureyri 2016.

Hulda Sædís Bryngeirsdóttir (1971), Sigrún Sigurðardóttir og Sigríður Halldórsdóttir. Mikilvægi styðjandi fagfólks við að ná vexti í kjölfar áfalla. *Þjóðarspegillinn. Ráðstefna í félagsvísindum* XVII (2016), bls. 1–13.

Ásta Snorradóttir og **Hulda Þórey Gísladóttir** (1976). Reynsla stjórnenda af því að ráða starfsfólk með skerta starfsgetu. *Virk. Ársrit um starfsendurhæfingu* 12 (2021), bls. 46–49.

Hulda Þórey Gísladóttir (1976). *Atvinnuþátttaka fólks með skerta starfsgetu: Sjónarhorn stjórnenda á vinnumarkaði.* Meistararitgerð heilbrigðisvísindum. Háskólanum á Akureyri 2020.

Hulda Þórey Gísladóttir (1976), Ásta Snorradóttir og Kristjana Fenger. Atvinnuþátttaka fólks með skerta starfsgetu: Sjónarhorn stjórnenda á vinnumarkaði. *Iðjuþjálfinn* 41:1 (2020), bls. 16–23.

No one is an Island. An Icelandic perspective. Ed. Giorgio Baruchello, **Jakob Thor Kristjánsson** (1965), Kristín Margrét Jóhannsdóttir and Skafti Ingimarsson. Cambridge Scholars Publishing 2018.

Jakob Þór Kristjánsson (1965). *Mamma, ég er á lífi: íslenskir piltar í víti heimsstyrjaldar.* Sögur útgáfa, Reykjavík 2017.

Jakob Þór Kristjánsson (1965). Iceland: A Small State Learning the Intelligence Rope. *European Intelligence Cultures.* Ed. Bob de Graaff and James M. Nyce. Rowman & Littlefield, London 2016, p. 171–183.

Guðrún Helgadóttir, Anna Vilborg Einarsdóttir, **Jóhanna María Elena Matthíasdóttir** (1975), Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Georgetta Leah Burn. *Félagsleg áhrif ferðamennsku* og *ferðaþjónustu.* Ferðamálastofa 2016. Skýrsla.

Jón Ómar Gunnarsson (1982). *„For just such a time as this“: preaching from the Old Testament today.* Academic theses (M). Dissertation 2017. Luther Seminary, St. Paul, Minnesota.

Jónína Garðarsdóttir (1973). *Að sníða nemendum stakk eftir vexti: Kennsla nemenda sem eiga í erfiðleikum með stærðfræðinám.* Meistararitgerð menntunarfræðum. Háskólanum á Akureyri 2018.

Hlynur Hallsson. *Myndir=Bilder=Pictures.* Þýðandi **Kristín Þóra Kjartansdóttir** (1970) og fleiri; Rahn, Claudia; Stange, Raimar. Forlag höfunda 2011.

Kristín Þóra Kjartansdóttir (1970). Frá eldhússorpi til gróðurmoldar: Rætt við Jóhann Thorarensen á Akureyri um safnhauga og jarðvegsgerð. *Garðyrkjuritið* 90 (2010), bls. 101–103.

Húsmæður og heimasætur – Skeið í Svarfaðardal. Sýningarhöfundar/hönnuðir Guðrún Pálína Guðmundsdóttir og **Kristín Þóra Kjartansdóttir** (1970). Sett upp í gistiheimilinu að Skeiði í Svarfaðardal 7. ágúst 2010.

Um húsmæðraskólann. Texta-myndverk sett upp á veggjum anddyris AkureyrarAkademíunnar í Húsmæðraskólanum á Akureyri 12. maí 2007. Setningar og málsgreinar úr viðtali við Sigrúnu Höskuldsdóttur og stækkuð ljósmynd úr eigu hennar. Sigrún var saumakennari við Húsmæðraskólann á Akureyri og bjó þar og starfaði ásamt fleiri kennurum á árunum 1958–1961. Sýningarhöfundur/hönnuður **Kristín Þóra Kjartansdóttir** (1970).

Kristín Þórarinsdóttir, Hjördís Sigursteinsdóttir og **Kristín Thorberg** (1948). Starfsánægja hjúkrunarfræðinga og viðhorf til þjónandi forystu í fari yfirmanna á umbreytingartímum í heilbrigðisþjónustu. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 96:3 (2020), bls. 85–91.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Að kulna eða leggjast í kör. Er kulnun í starfi eitthvað nýtt? *Þegar kona brotnar – og leiðin út í lífið á ný.* Sirrý Arnardóttir – viðtalsbók. Veröld 2019, bls. 155–169.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Þættir úr sögu Kvenfélagsins Tilraunar. *Kvenfélagið Tilraun 100 ára*, bls. 4–34. Kvenfélagið Tilraun, Akureyri 2016.

Soffía Gísladóttir (1906–2003) ráðskona. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 3. júní 2016 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Þóra Rósa Geirsdóttir (f. 1953) kennari. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. apríl 2016 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Erna Hallgrímsdóttir (f. 1933) fiskverkakona og húsmóðir. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. mars 2016 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Hlín Torfadóttir (f. 1945) tónlistarkona og húsmóðir. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. janúar 2016 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Friðbjörg R. Jóhannesdóttir (f. 1943) verslunarmaður og húsmóðir. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. desember 2015 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Myriam Dalstein (f. 1971) frumkvöðull og húsmóðir. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. nóvember 2015 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Ása Marinósdóttir (f. 1932) ljósmóðir og húsmóðir. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. október 2015 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir (1959).**

Ester Jósavinsdóttir (1925–2005) húsmóðir og bóndi. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. september 2015 Menningarhúsinu Bergi Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Ingibjörg Aðalrós Þórðardóttir (1869–1952) húsmóðir og hönnuður. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. ágúst 2015 Byggðasafninu Hvoli Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundur/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Steinunn Sigurðardóttir (1844–1922) húsmóðir og vinnukona. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. júlí 2015 Byggðasafninu Hvoli Dalvíkurbyggð.

Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Solveig Pétursdóttir Eggerz (1876–1966) húsmóðir og kvenfélagsformaður. Sýningarröðin Konur kjósa opnuð 19. júní 2015 Byggðasafninu Hvoli Dalvíkurbyggð. Sýningarhöfundar/hönnuðir: Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Margrét Guðmundsdóttir (1959). „… Já, fleytuna höfum við fengið, en bara að hún fúni ekki í naustum.“ *Norðurslóð* 39:6 (2015), bls. 3.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Fyrir hundrað árum. Við upphaf, miðju, enda. Dagbækur séra Kristjáns Eldjárns. *Norðurslóð* 38:12 (2014), bls. 16–17.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Kosningaannir 1914. Dagbækur sr. Kristjáns Eldjárns III. hluti. *Norðurslóð* 38:5 (2014), bls. 5.

Margrét Guðmundsdóttir (1959) og Þórarinn Hjartarson. Fyrir hundrað árum. Dagbækur séra Kristjáns Eldjárns II. *Norðurslóð* 38:3 (2014), bls. 3.

Margrét Guðmundsdóttir (1959) og Þórarinn Hjartarson. Fyrir hundrað árum. Jólaannir á prestsetrinu. Dagbækur séra Kristjáns Eldjárns 1. hluti. *Norðurslóð* 37:12 (2013), bls. 16–17.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Víðförlar og geisla af sjálfstrausti. *Hugur og hönd* 2013, bls. 14–15.

Margrét Guðmundsdóttir (1959*). Rannsóknir í upphafi nýrrar aldar. Akureyrar-Akademían*, í handriti.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). *Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld.* Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga, Akureyri 2010.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Þvottalaugarnar. *Laugavegurinn.* Ritstjóri Harpa Björnsdóttir. START ART 19. júní 2010, bls. 12–24.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Landnám kvennasögunnar á Íslandi. *Íslensk sagnfræði á 20. öld.* Guðmundur J. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson og Sigurður Ragnarsson sáu um útgáfuna. Sögufélag Reykjavík 2009, bls. 229–247. (Kom áður út 2000).

Þorbjörg Finnbogadóttir kennari Húsmæðraskólanum á Akureyri og húsmæðrafræðsla um miðja 20. öld. Sögusýning Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi opnuð Konudaginn 22. febrúar 2009 í gamla Húsmæðraskólanum á Akureyri Þórunnarstræti 99. Sýningarhöfundur/hönnuður: **Margrét Guðmundsdóttir** (1959).

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Fyrstu dansleikir stéttarinnar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 84:5 (2008), bls. 16–17.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Vinátta yfir landamæri. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 84:4 (2008), bls. 32–35.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Agaleysi og erótík. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 84:3 (2008), bls. 44–45.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Heimavist og húsagi. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 84:2 (2008), bls. 12–13.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Húsnæði og einkalíf. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 84:1 (2008), bls. 10–13.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Saga hjúkrunar á Íslandi. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 83:5 (2007), bls. 40–41.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Já, ég þori, get og vil. Kvennafrídagurinn 1975, Vilborg Harðardóttir og allar konurnar sem bjuggu hann til. [Ritdómur] *Saga* 45:1 (2007), bls. 242–244.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Barátta Hlífarkvenna fyrir bættum aðbúnaði sjúklinga. *Afmælisrit Kvenfélagsins Hlíf ar 1907–2007.* Akureyri 2007, bls. 7–11.

Margrét Guðmundsdóttir (1959). Tímarit í 80 ár: Tengiliður hjúkrunarstéttarinnar. *Tímarit hjúkrunarfræðinga* 82:1 (2006), bls. 36–39.

María Guðbjörg Hensley (1967). *Schizophrenia and substance abuse what is the best treatment for dual diagnoses?* MA thesis, Department of Psychology and Behavioral Sciences, Aarhus University 2016.

Marta Einarsdóttir (1967). *Women's Adult Education of a ´Site of Struggle´ in Marriage in Mozambique.* Thesis for Doctor of Philosophy. University of East Angilia. School of Education and Lifelong Learning 2012.

Huhtamäki, Martina Linnéa (1976). Kroppens auktoritet i friskvård. *Tala om kroppen – Språkliga perspektiv på hälsa och sjukdom i den digitala eran.* Red. Grahn, L. och Lindholm, C. Morfem, Stockholm 2021, s. 139–161.

Grahn, Inga-Lill, **Huhtamäki, Martina Linnéa** (1976). Rutin och beröm; Prosodiska drag hos bra som uppföljning under personlig träning i Finland och Sverige. *Puhe ja kieli/Tal och språk* 31:4 (2020), s. 225–250.

Lindström, Jan, **Huhtamäki, Martina Linnéa** (1976) and Londen, Agnes Anne-Marie. Noun phrases in other-repetitions: Observations of Swedish talk-in-interaction. *The ´Noun Phrase´ across Languages: An emergent unit in interaction.* Ed. Ono, Tsuyoshi and Thompson, Sandra A. John Benjamins publishing company, Amsterdam 2020, p. 93–118.

Huhtamäki, Martina Linnéa (1976), Lindström, Jan and Londen, Anne-Marie. Other-repetition sequences in Finland Swedish; Prosody, grammar, and context in action ascription. *Language in Society* 49:4 (2020), p. 653–686.

Lindström, Jan, Lindholm, Camilla, Grahn, Inga Lill and **Huhtamäki, Martina Linnéa** (1976). Consecutive clause combinations in instructing activities: Directives and accounts in the context of physical training. *Emergent syntax for conversation: Clausal patterns and the organization of action.* Ed. Maschler,Yael, Doehler, Simona Pekarek, Lindström, Jan and Keevallik, Leelo. John Benjamins publishing company, Amsterdam 2020, p. 245–274.

Grahn, Inga-Lill och **Huhtamäki, Martina Linnéa** (1976). Frasformade yttranden under fysisk aktivitet – form och funktion i interaktionell belysning. *Svenskans beskrivning 36: Förhandlingar vid trettiosjätte sammankomsten.* Uppsala 25–27 oktober 2017. Red. Bianchi, Marco, Håkansson, David, Melander, Björn, Pfister, Linda, Westman, Maria och Östman, Carin. Uppsala universitet 2019, s. 65–78.

Grahn, Inga-Lill, Lindholm, Camilla och **Huhtamäki, Martina Linnéa** (1976). Förhandlingar om kroppen – en samtalsanalytisk studie av smärta och ansträngning i friskvårdsaktiviteter. *Folkmålsstudier: Meddelanden från Föreningen för Nordisk Filologi* 57:8 (2019), s. 9–34.

Huhtamäki, Martina Linnéa (1976), Grahn, Inga-Lill, Lindström, Jan, Nilsson, Jenny, Norrby, Catrin och Wide, Camilla. Frasformade instruktioner

med uppföljningar under personlig träning. *Språk och stil: tidskrift för svensk språkforskning* 29 (2019), s. 9–40.

Huhtamäki, Martina Linnéa (1976) och Zetterholm, Elisabeth. Uttalets plats i undervisningen av Svenska som andraspråk. *Insights into second language speech. AFinLA-e: Soveltavan kielitieteen turtkimuksia* Ed. Kuronen, Mikko, Lintunen, Pekka and Nieminen, Tommi. 10 (2018), p. 45–60.

Cvetanovic, Dragana, Grünthal, Satu and **Huhtamäki, Martina Linnéa** (1976). Swangah´s "Frá bygd til bý" – a Faroese bricolage of hip hop, national romantic poetry and ballads: Ballads – New approaches: Kvaedi – Nýggj sjónarmid. Red. Marnersdóttir, Malin, Andreassen, Eydun, Dahl, Sunna A., Jacobsen, Tina og Isholm, Erling. *Fróðskapur Faroe University Press* 3:13 (2018), s. 78–98.

Huhtamäki, Martina Linnéa (1976). Pitch in next-turn repetitions and original turns in Finland Swedish. *Nordic prosody. Proceedings of the XIIth conference, Trondheim 2016.* Ed. Abrahamsen, Jardar Eggesbø, Koreman, Jacques and Wim van Dommelen. Peter Lang, Trondheim 2017, p. 93–102.

Huhtamäki, Martina Linnéa (1976). "Skatebord, sorry men den är ju så engelskt namn": Om diskussionen kring ett engelskt importord i ett kaffepaussamtal. *Bók Jógvan. Heiðursrit til Jógvan í Lon Jacobsen á seksti ára degi hansara hin 14. desember 2017.* Red. Hansen, Zakaris Svabo, Reinert, Lena, Petersen, Hjalmar P. og Johansen, Arnfinnur. Fróðskapur Faroe University Press 2017, s. 127–137.

Maya Staub (1986) og Linda Rafnsdóttir. Gender, agency, and time use among doctorate holders: The case of Iceland. *Time & Society* (First published November 19, 2019).

Maya Staub (1986). Überprüfung der Nachhaltigkeit von (Trainings-) Interventionen aus MiSpEx-I MSB (Potsdam). *Das MiSpEx Parallelstudienbuch.* Ed. Mayer, F. Strauß 2019.

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir (1981*). Ísland í Norðurskautsráðinu. Þar sem stærðin skiptir ekki öllu máli.* MA-ritgerð í Hnattrænum fræðum. Háskóla Íslands, Reykjavík 2019.

Orri Gautur Pálsson (1976). Frumherjaverkefnið Snarpur. Þróun hugbúnaðar til að auðvelda klíníska upplýsingasöfnun í heilbrigðisþjónustu. Verkefnastjóri Orri Gautur Pálsson, Qodiag ehf.

Gísli Már Gíslason og **Ólafur B. Thoroddsen** (1953). Rauðasandshreppur hinn forni. *Árbók Ferðafélags Íslands* 93 (2020).

Ólafur B. Thoroddsen (1953). Brautryðjendur í saltfiskverkun á Vestfjörðum. *Árbók Barðastrandarsýslu* 30 (2019), bls. 82–111.

Ólafur B. Thoroddsen (1953). Breiðfirðingar á Brunnum. *Breiðfirðingur* 64 (2016), bls. 24–49.

Ólafur B. Thoroddsen (1953). Sóttur björgunarbáturinn Gísli J. Johnsen til Gautaborgar í maí 1956. *Árbók Barðarstrandarsýslu* 27 (2016), bls. 89–91.

Ólöf María Birnu Brynjarsdóttir (1980). *Að vera hetja í sjálfs síns augum: lífssaga um sjálfsást.* Meistararitgerð félagsvísindum. Háskólanum á Akureyri 2019.

